

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 5. júlí 2019
UST201901-296/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 5.6.2019, hjá Hraðfrystihúsínu Gunnvöru, Bæjarhlíð.

Þann 5. júní sl. fór fram eftirlit í Hraðfrystihúsið Gunnvöru, Bæjarhlíð. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson

Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hraðfrystihúsið Gunnvör Bæjarhlíð



Dags eftirlits	5.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Hraðfrystihúsið Gunnvör	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hnífsdalsbryggja	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630169-2249	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján G. Jóakimsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	66°03.503'N 22°32.856'V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram og engar ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða leyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 2013 til framleiðslu allt að 200 tonna af þorski og sem er í gildi til 2025.

Fundað var með rekstraraðila í Hnífsdal.

Staðfest var að engin starfsemi er á eldissvæði rekstraraðila og hefur ekki verið í nokkum tíma þar sem rekstrarleyfi er ekki í gildi. Rekstraraðili hefur sótt um starfsleyfi fyrir 6800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í Ísafjarðardjúpi, sem tekur m.a. til þessarar staðsetningar.

ÁBENDINGAR


Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að meðan starfsleyfi er í gildi mun eftirlitsaðili framkvæma eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun stofnunarinnar og innheimt verður eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei.

Óski fyrirtækið eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.

Reykjavík, 05.07.2019


Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffia Jónasdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.